Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi komi í stað 1. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 varðandi nítröt:

| Afurð | Hámarksviðmiðunargildi (mg NO3/kg) | | Sýnatökuaðferð | Tilvísunar-greiningar-aðferð |
|---|---|---|---|---|
| „1.1. Ferskt spínat ([1]) (*Spinacia oleracea*) | Uppskera frá 1. nóvember til 31. mars:<br>Uppskera frá 1. apríl til 31. október: | 3 000<br>2 500 | Tilskipun framkvæmda-stjórnarinnar 79/700/EBE ([2]) | |
| 1.2. Varið skemmdum, djúpfryst eða fryst spínat | | 2 000 | Tilskipun 79/700/EBE | |
| 1.3. Ferskt salat (*Lactuca sativa L.*) (ræktað undir hlíf og undir berum himni), að undanskildu salati sem er skráð í lið 1.4. | Uppskera frá 1. október til 31. mars:<br>— salat, ræktað undir hlíf<br>— ræktað undir berum himni<br>Uppskera frá 1. apríl til 30. september:<br>— salat, ræktað undir hlíf<br>— salat, ræktað undir berum himni | 4 500 ([3])<br>4 000 ([3])<br>3 500 ([3])<br>2 500 ([3]) | Tilskipun 79/700/EBE. Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10 | |
| 1.4. Salat af jöklasalatsgerð ([4]) | Salat ræktað undir hlíf<br>Salat ræktað undir berum himni | 2 500 ([3])<br>2 000 ([3]) | Tilskipun 79/700/EBE. Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10 | |

([1]) Hámarksviðmiðunargildi fyrir ferskt spínat gilda ekki um ferskt spínat sem setja skal í vinnslu og sem er flutt í lausri vigt beint af akri í vinnslustöð.
([2]) Stjtíð. EB L 207, 15.8.1979, bls. 26.
([3]) Vanti viðeigandi merkingar sem segja til um framleiðsluaðferð skulu mörkin, sem sett hafa verið fyrir salat, ræktað undir berum himni, gilda.
([4]) Lýst í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2001 frá 27. júlí 2001 þar sem mælt er fyrir um markaðsstaðal varðandi salat og hrokkinblaða- og stórblaða (Batavian) salatfífla (Stjtíð. EB L 203, 28.7.2001, bls. 9).“

Nr. 503 26. júní 2003

# AUGLÝSING

## um deiliskipulagstillögu fyrir stofnanalóð við Sæunnargötu 2A í Borgarnesi.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 26. júní 2003.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**